

Tónlistarkennari



Tónlistarskólinn á Egilsstöðum óskar eftir kennurum í eftirfarandi stöður:

Tónlistarkennara í fullt starf frá og með 1. ágúst, 2021.

Ráðning er til eins árs með góðum möguleika á framtíðarstarfi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Kennsla á píanó á öllum námsstigum að framhaldsprófi
- Meðleikur með lengra komnum hljóðfæra- og söngnemendum
- Önnur kennsla í samræmi við hæfni og áhuga umsækjanda

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tónlistarkennaramenntun eða haldgóð tónlistarmenntun sem nýtist í starfi
- Færni í píanókennslu á öllum stigum að framhaldsprófi
- Færni í meðleik með lengra komnum hljóðfæra- og söngnemendum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Íslenskukunnátta eða vilji til þess að læra íslensku

Tónlistarkennara í 50-100% starf frá og með 1. ágúst, 2021.

Um eins árs afleysingastarf er að ræða. Til greina kemur að ráða tvo kennara í hlutastarf eða einn kennara í fullt starf, hafi hann færni til þess að sinna kennslu bæði á píanó og gítar.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Kennsla á píanó og/eða gítar
- Önnur kennsla í samræmi við hæfni og áhuga umsækjanda

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tónlistarkennaramenntun eða haldgóð tónlistarmenntun sem nýtist í starfi
- Færni í píanó- og/eða gítarkennslu
- Færni í mannlegum samskiptum
- Íslenskukunnátta eða vilji til þess að læra íslensku

Starf Tónlistarskólans á Egilsstöðum er blómlegt, í góðum tengslum við Egilsstaðaskóla og meirihluti kennslunnar fer fram á skólatíma grunnskólanemenda.

Allar helstu upplýsingar um Tónlistarskólann á Egilsstöðum má finna á heimasíðu skólans: <https://tonegilsstodum.fljotsdalsherad.is/>

Umsóknarfrestur er til 30.05.2021

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélagsins og viðkomandi stéttarfélags. Einstaklingar af öllum kynjum eru hvött til að sækja um stöðuna.

Nánari upplýsingar veitir Sóley Þrastardóttir, skólastjóri, í síma 470-0570 eða á netfanginu soley.thrastardottir@mulathing.is.

Öllum umsóknum skal fylgja yfirlit yfir nám og/eða fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsækjendum er bent á að kynna sér fræðslubréf um vinnslu Múlaþings á persónuupplýsingum starfsumsækjenda, sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins www.mulathing.is

Tekið er við umsóknum á heimasíðu sveitarfélagsins www.mulathing.is.



JAFNALAUNVOTTUN
2020 - 2023



Múlaþing
Sími 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is